



Nefndasvið Alþingis  
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 5. nóvember 2015

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, með síðari breytingum (notkun fánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu), 156. mál.**

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 37/1944, með síðari breytingum (notkun, fánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu), sbr. þingskjal nr. 156. Samtök iðnaðarins (SI) fagna því markmiði frumvarpsins að rýmka heimildir til notkunar á íslenska þjóðfánanum við markaðssetningu á vöru og þjónustu.

Í ljósi þess að notkun á íslenska fánanum er í eðli sínu upprunamerking þá telja Samtök iðnaðarins mikilvægt að áréttta þá afstöðu sína að við upprunamerkingu á vöru eða þjónustu eigi að miða við viðurkenndar reglur um uppruna. Skilgreining uppruna á annan hátt flækir regluverk og veldur misskilningi hjá neytendum. Í því samhengi telja SI mikilvægt að fyrirtæki greini rétt frá að hvaða leyti vara er íslensk og að reglur sem um uppruna gilda séu einfaldar og skilvirkar.

Því leggja SI til að almenna reglan verði sú að vara teljist íslensk að uppruna ef hún uppfyllir skilyrði EES um uppruna en að það verði tekið skýrt fram ef víkja eigi frá þeim reglum, annað hvort til að rýmka þær (t.d. fyrir hönnunarvöru) eða herða (t.d. fyrir vörur framleiddar úr landbúnaðarhráefnum sem framleiddar eru á Íslandi). Jafnframt verði gerð sú krafa, ætli fyrirtæki að nýta sér íslenska fánann við markaðssetningu á vöru sinni, að á umbúðum vöru komi fram að hvaða leyti hún er íslensk. Sem dæmi má nefna í tilviki íslenskrar hönnunarvöru komi fram „Íslensk hönnun“ og þess einnig getið hvar varan er framleidd og í tilviki íslenskrar framleiðsluvöru komi fram „Framleitt á Íslandi.“

Mikilvægt er að veitt sé nægjanlegt svigrúm til notkunar á fánanum fyrir framleiðendur íslenskra matvara sem alfarið eru framleiddar úr erlendum hráefnum, m.a. sökum þess að samsvarandi íslensk hráefni eru ekki fáanleg. Dæmi um þetta er m.a. íslenskt sælgæti, brauð, kex, kökur og fleira, sem eru alíslenskt í hugum neytenda og eiga í harðri samkeppni við innfluttar vörur. Þessar vörur væru alla jafna taldar upprunnar héraendis samkvæmt viðurkenndum reglum um uppruna en uppfylltu ekki skilyrði fyrirbyggjandi frumvarps að geta borið íslenska fánann – það er ótækt.

Jafnframt sjá SI engin rök fyrir því að hafa sérstaka reglu um að vara skapi sér hefð til að teljast íslensk, hafi hún verið hér á markaði í tiltekinn tíma. Það er einungis til þess fallið að vinna gegn eðlilegri vöruþróun sem verður að eiga sér stað, sér í lagi þar sem líftími vöru, ekki síst matvöru, á markaði er almennt takmarkaður.



Samtök iðnaðarins taka heils hugar undir að forsenda fyrir notkun íslenska fánans við markaðssetningu sé að það sé ekki gert á röngum forsendum eða á villandi máta. Það er þó jafnframt mat samtakanna að reglurnar um notkun fánans eigi að vera skýrar og í samræmi við það regluverk sem nú þegar er fyrir hendi, m.a. á sviði Evrópuréttar. Er það til þess fallið að skapa skýrari forsendur fyrir notkun fánans við markaðssetningu sem er bæði til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur.

#### SAMTÖK IÐNAÐARINS

*Ragnheiður Héðinsdóttir*

Ragnheiður Héðinsdóttir,  
Forstöðumaður matvælasviðs

*Björg A. Þóðardóttir*

Björg Ásta Þóðardóttir,  
lögfræðingur